

2. gr.

Ráðuneytið skipar löggildingarmenn gjaldmæla, sem annast löggildingarstörf samkvæmt gildandi reglugerð um slíka mæla, og fást upplýsingar um þá í ráðuneytinu.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í reglugerð nr. 446 18. desember 1978, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt afturkallast auglýsing ráðuneytisins nr. 228 31. maí 1976 um sama efni.

Leigubifreiðastjórum á þeim stöðum þar sem gjaldmælaskylda hefur ekki verið er þó veittur frestur til 15. ágúst 1980 til að fullnægja ákvæðum 1. gr. auglýsingar þessarar.

Samgönguráðuneytið, 15. apríl 1980.

F. h. r.

Brynjólfur Ingólfsson.

Birgir Guðjónsson.

17. apríl 1980.

Nr. 236.

REGLUGERÐ

um eftirlit, framleiðslu og útflutning á lagmeti.

I. KAFLI

Skýring hugtaka.

1. gr.

Lagmeti. Matvæli, sem sett eru í loftþéttar umbúðir (úr málm, gleri, plasti eða öðrum áþekktum efnum), í þessari reglugerð aðeins matvæli unnin úr sjávarafurðum. Lagmeti er annað hvort niðurlagt eða niðursoðið.

Niðurlagt lagmeti. Lagmeti, sem rotvarið er með salti, sykri, sýrum eða öðrum rotvarnarefnum, reykingu eða gerilsneyðingu með hita eða geislun og loftþéttar umbúðir eru nauðsynlegur þáttur í rotvörninni.

Niðursoðið lagmeti. Lagmeti, sem hefur verið gerileytt með hitun í þrýstisjóðara. Með gerileyðingu er hér átt við: Eyðingu allra sjúkdómsvaldandi örvera svo og eyðingu allra þeirra örvera sem geta vaxið í matvælum og skemmt þau við venjuleg geymsluskilyrði.

Viðbótarefni (Aukaefni). Hvers konar efni, sem sett eru í lagmeti til þess að bæta útlit þess, bragð, gerð eða næringargildi, auðvelða vinnslu eða auka geymsluþol.

Þrýstisúða. Súða í vatni eða gufu í lokuðu rými við hitastig hærra en 100°C og samsvarandi þrýsting.

Þrýstisjóðari. Málmhylki, gert til þess að þrýstisjóða lagmeti, annað hvort með vatni eða gufu, að viðbættum nauðsynlegum yfirþrýstingi.

Yfirþrýstingur. Sá þrýstingur, sem hafður er í þrýstisjóðara fram yfir þann eðlilega þrýsting er samsvarar hitastigi vatnsgufunnar.

Eftirlit. Reglubundnar skoðanir og sýnataka til þess að fylgjast með framleiðsluskilyrðum og framleiðsluháttum lagmetisverksmiðju og meðferð og gæðum hráefna og framleiðsluvöru.

Sýni. Sá fjöldi eininga, sem tekinn er tilviljunarkennt (af handa hófi) úr ákveðnu framleiðslumagni. Sýnatakan framkvæmist samkvæmt reglum Alþjóðastaðlaskrárinnar (CAC/RM 42-1969) með breytingum samkv. CX/MAS 77/2 Add 1.

Alþjóðastaðlaskrá, Codex Alimentarius. Reglur um framleiðslu hvers konar matvæla, ásamt stöðlum um gerð þeirra, gæði og merkingu, viðbótarefni í þeim, rannsóknir á þeim og mat. Reglur þessar eru settar af Alþjóðastaðlaskrárráðinu, Codex Alimentarius Commission, sem Ísland er aðili að.

II. KAFLI

Lagmetisverksmiðjur.

2. gr.

Um hús og búnað lagmetisverksmiðja gilda, eftir því sem við á, sömu ákvæði og um hraðfrystihús, sömuleiðis um vatn það sem verksmiðjurnar nota og um hreinlæti, klæðnað, aðbúnað og heilbrigði starfsfólks.

3. gr.

Lagmetisverksmiðjur skulu, auk viðeigandi geymsluklefa fyrir hráefni, hafa kæliklefa til geymslu á niðurlögðu lagmeti við 2—5°C og geymslu fyrir niðursoðið lagmeti 15—20°C heita, annað hvort eða bæði, eftir því hver framleiðslan er.

4. gr.

Þrýstisjóðarar í lagmetisverksmiðjum skulu gerðir fyrir yfirþrýsting. Á þrýstisjóðurum skulu vera þrýstimælar og hitamælar af viðeigandi gerð, ásamt sjálfrita fyrir þrýsting og hitastig.

5. gr.

Hver lagmetisverksmiðja skal hafa a. m. k. einn starfsmann sem sótt hefur námskeið í lagmetisfræðum á vegum Fiskvinnsluskólans. Undanþegnir slíkum námskeiðum eru þeir sem hafa a. m. k. sambærilega menntun að mati Fiskvinnsluskólans. Starfsmaður þessi sér um og ábyrgist gæði og flokkun hráefnis og framleiðsluna, þar á meðal suðu, dósasaum, þyngd og saltmagn og merkingu afurða. Helstu niðurstöður skal hann skrá daglega í framleiðsluskýrslu sbr. 11. gr. Ennfremur ber honum að sjá svo um að farið sé eftir reglugerðum og fyrirmælum. Sannist þær misfellur á störfum ofangreinds starfsmanns er álitá verður að stafi af vitaverðu gáleysi eða vanrækslu, geta viðkomandi eftirlitsstofnanir hafnað honum til þessa starfs. Ráðuneytið getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Lagmetisverksmiðjur skulu hafa vinnsluleyfi frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum til framleiðslu. Vinnsluleyfi skal endurnýjast a. m. k. árlega, en auk þess í hvert sinn, sem gerðar eru breytingar eða viðbætur á húsum eða búnaði verksmiðjanna.

III. KAFLI

Framleiðsla lagmetis.

7. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða hefur eftirlit með hráefni til lagmetis samkvæmt nánari reglum sem gefnar verða út af þeirri stofnun. Framleiðandi lagmetis skal tilkynna Framleiðslueftirliti sjávarafurða með hæfilegum fyrirvara áður en hann tekur við hráefni svo og áður en vinnslutímabil hefst.

8. gr.

Um tegund og magn viðbótarefna í lagmeti skal farið eftir þeim reglum, sem gilda á hlutaðeigandi markaði. Sé lagmeti skv. þessari reglugerð selt á markaði innanlands, skal farið með slíkt samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara ásamt síðari breytingum. Annars ber að fara eftir sérkröfum kaupanda, ef einhverjar eru, en þær verða að vera skjalfestar og afhendast Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í afriti.

9. gr.

Umbúðir, sem notaðar eru fyrir lagmeti, skulu uppfylla þær kröfur um efni og gerð, sem gildandi eru á erlendum mörkuðum. Ber Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að fylgjast með því og vera ráðgefandi við umbúðanotkun.

10. gr.

Merking umbúðanna skal hverju sinni vera í samræmi við kröfur viðkomandi viðskiptalands, en lágmarkskröfur eru þessar:

Smásöluumbúðir (dósir, glös o. s. frv.), sem notaðar eru fyrir lagmeti, skulu greinilega merktar með áprentuðum miðum eða steinprenti. Tilgreina skal tegund vörunnar, nettóþyngd og seljanda vörunnar, auk þess framleiðanda vörunnar, framleiðsluland, ár og framleiðsludag. Framleiðanda, ár og framleiðsludag má tilgreina með dulmerki (code), og skal dulmerkið tilkynnt Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirliti sjávarafurða. Dósir án steinprents skulu merktar á botni með orðinu ICELAND. Á ytri umbúðum (pappakössum) skal standa að minnsta kosti heiti vörunnar og magn í kassa (nettóþyngd einingar og einingafjöldi), ár og framleiðsludagur, nafn seljanda og nafn eða merki viðtakanda. Ef um niðurlagt lagmeti er að ræða, skal á öllum umbúðum standa skýrum stöfum, að varan skuli geymd í kælingu. Heimilt er að tiltaka nánar að geymsluhitinn skuli vera 2—5°C. Ráðuneytið getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

11. gr.

Í hverri lagmetisverksmiðju skal færa framleiðsluskýrslu í tvíriti, þar sem skráð er daglega tegund og magn framleiðslu, ástand og aldur hráefnis, tegund umbúða, prófanir gerðar á staðnum og sýni send til rannsókna. Afrit sendist Framleiðslueftirliti sjávarafurða en frumritið geymir verksmiðjan ásamt tilheyrandi línuritum frá þrýstisjóðurum greinilega merktum. Skrá skal einnig í skýrsluna ef truflanir verða í vinnslunni, bilanir, rafmagnsskortur, gufuskortur, vinnutafir o. s. frv. Í geymslum verksmiðjunnar skal hráefni og fullunninni vöru staflað eftir tegundum og framleiðsludögum, þannig að alltaf sé auðvelt að sjá aldur vörunnar og finna ákveðið hráefni og framleiðsludaga.

IV. KAFLI

Eftirlit.

12. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða hefur með höndum eftirlit með hráefni, hreinlæti og búnaði í lagmetisverksmiðjum á Íslandi samkv. 7. gr., 2. gr. og 6. gr., en Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins rannsakar afurðir þeirra á grundvelli sýnishorna, sem Framleiðslueftirlitið sendir Rannsóknastofnuninni. Starfsmenn Framleiðslueftirlitsins skrá athugasemdir sínar í framleiðsluskýrslu verksmiðjunnar ásamt nafni sínu í hvert sinn, er þeir koma þar til eftirlits.

13. gr.

Taka skal reglulega sýni af framleiðslu lagmetisverksmiðjanna og senda Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, einnig af hráefni og vatni þeirra, þegar ástæða þykir til. Reglubundna sýnatöku af framleiðslunni annast Framleiðslueftirlit sjávarafurða og eru þá tekin sýni úr hverri dagsframleiðslu skv. 14. gr., sbr. þó 15. og 17. gr. Eru þá tekin sýni úr hverri suðu, þegar um niðursoðið lagmeti er að ræða. Framleiðslueftirlit sjávarafurða má fela trúnaðarmanni daglega sýnatöku. Allar óskir um sýnatöku af hálfu Framleiðslueftirlitsins skulu bornar fram við þá stofnun.

14. gr.

Fjöldi sýna, sem taka skal af lagmeti, fer eftir reglum Alþjóðastaðlaskrárinnar (CAC/RM 42—1969) með breytingum skv. CX/MAS 77/2 Add 1. Er fjöldi eininga í sýni þar miðaður við dagsframleiðslu vörunnar. Í reglum þessum er einnig tilgreindur leyfilegur hámarksfjöldi eininga, er metast gallaðar. Er þá aðeins miðað við þá galla, sem stafa af breytingum á samsetningu og vinnslu vörunnar og koma fram við skynmat (á útliti, bragði, lykt og gerð). Við venjulega sýnatöku er sýnatökuáætlun I notuð. Áætlun II gildir ef um endurtekin sýni er að ræða eða ef að þrálát framleiðsluvandamál gera vart við sig. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins metur hverju sinni hvor sýnatökuáætlunin gildir. Sýnatökutöflur Alþjóðastaðlaskrárinnar eru þessar:

Sýnatökutöflur Codex Alimentarius fyrir matvæli í neytendaumbúðum

SÝNATÖKUÁÆTLUN I

$$AQL = 6.5$$

Nettóþyngd einingar 1 kg. (2.2 lbs.) og minna.

Einingafjöldi í dagsframleiðslu	Einingafjöldi í sýni	Hámarksfjöldi gallaðra eininga
4800 eða færri	6	1
4801—24000	13	2
24001—48000	21	3
48001—84000	29	4
84001—144000	38	5
144001—240000	48	6
Fleiri en 240000	60	7

Nettóþyngd einingar meiri en 1 kg — 4.5 kg (2.2 — 10 lbs).

Einingafjöldi í dagsframleiðslu	Einingafjöldi í sýni	Hámarksfjöldi gallaðra eininga
2400 eða færri	6	1
2401—15000	13	2
15001—24000	21	3
24001—42000	29	4
42001—72000	38	5
72001—120000	48	6
Fleiri en 120000	60	7

Auk ofangreindra sýna skal taka eftirfarandi sýnafjölda úr hverri dagsframleiðslu til geymslupólsprófana.

- Niðurlagt lagmeti: 6 einingar,
- Niðursoðið lagmeti: 2 einingar úr hverri suðu,

Sýnatökutöflur Codex Alimentarius fyrir matvæli í neytendaumbúðum.**SÝNATÖKUÁÆTLUN II**

$$\text{AQL} = 6.5$$

Nettóþyngd einingar 1 kg (2.2 lbs.) og minna.

Einingafjöldi í dagsframleiðslu	Einingafjöldi í sýni	Hámarksfjöldi gallaðra eininga
4800 eða færri	13	2
4801—24000	21	3
24001—48000	29	4
48001—84000	38	5
84001—144000	48	6
144001—240000	60	7
Fleiri en 240000	72	8

Nettóþyngd einingar meiri en 1 kg — 4.5 kg (2.2 — 10 lbs).

Einingafjöldi í dagsframleiðslu	Einingafjöldi í sýni	Hámarksfjöldi gallaðra eininga
2400 eða færri	13	2
2401—15000	21	3
15001—24000	29	4
24001—42000	38	5
42000—72000	48	6
72001—120000	60	7
Fleiri en 120000	72	8

Auk ofangreindra sýna skal taka eftirfarandi sýnafjölda úr hverri dagsframleiðslu til geymsluprófana.

- a) Niðurlagt lagmeti: 6 einingar,
- b) Niðursoðið lagmeti: 2 einingar úr hverri suðu.

15. gr.

Komi fram við ofanskráðar sýnatökur á lagmeti gallar, sem benda til efnislegra skemmda í vörunni og/eða hráefni, eða heilnæmi sé ábótavant, þá skal taka miklu stærra sýni af vöru eða hráefni. Skal miðað við að þessir gallar séu útilokaðir í 99% vörunnar. Ef varan er skemmd skv. þessari grein, ber framleiðanda að eyðileggja hana á sannanlegan hátt og skal Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins send sönnun um eyðilegginguna innan þeirra tímamarka sem honum eru sett.

16. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er skylt að tilkynna hlutaðeigandi verksmiðju ef eitthvað finnst athugavert við framleiðslu hennar. Rannsóknastofnunin sendir verksmiðjum nákvæma skýrslu um niðurstöður hværrar rannsóknar svo fljótt sem auðið er, og samtímis sendist afrit af skýrslunni til Framleiðslueftirlits sjávarafurða og útflytjenda lagmetis.

17. gr.

Lagmeti, sem flutt er út frá Íslandi, skal fylgja vottorð frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Rannsóknastofnunin skal einnig ganga úr skugga um, að varan fullnægi reglum viðtökulands og sérkröfum kaupandans ef einhverjar eru ef það er á færi stofnunarinnar. Útflytjendum lagmetis er skylt að tilkynna hlutaðeigandi

verksmiðju, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirliti sjávarafurða um allar kvartanir, sem frá kaupendum kunna að berast.

18. gr.

Útflytjendum lagmetis er skylt að tilkynna Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með nægum fyrirvara í hvert skipti sem útskipun lagmetis á að fara fram. Tilkynningum þessum skulu fylgja eftirtalдар upplýsingar:

Vörutegund (erlent heiti)

Magn vöru: Kassafjöldi, einingar í kassa, nettóþyngd einingar.

Framleiðandi vörunnar, ár og framleiðsludagur.

Merki vörusendingar.

Kaupandi vörunnar og viðtökuland.

Sérkröfur kaupanda ef einhverjar eru.

Útskipunarhöfn, útskipunardagur og flutningaskip.

Útflytjandi vörunnar.

Hleðsla vörunnar í flutningstæki fari fram undir eftirliti útflutningsaðila, og geri hann um það skriflega skýrslu.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Kostnað af eftirliti Framleiðslueftirlits sjávarafurða með lagmetisverksmiðjunum og af sýnatöku hjá þeim, svo og kostnað af rannsóknum sýna hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins skal greiða mánaðarlega. Sölustofnun lagmetis greiðir vegna aðildarverksmiðja sinna, en aðrar verksmiðjur greiði beint.

Kostnaður greiðist skv. gjaldskrá, sem staðfest er af sjávarútvegsráðuneytinu.

Fé til greiðslu þessa kostnaðar tekur Sölustofnunin sem hundradshluta af útflutningsverði lagmetis, sem hún flytur út og skal nema 0.6% af cif-verði. Sölustofnunin heldur aðgreindum kostnaði hverrar verksmiðju, enda fari fram uppgjör á kostnaði verksmiðja misserislega.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum.

21. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 108 31. desember 1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða og lögum nr. 64 21. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar risi ágreiningur um skilning á reglugerð þessari.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1980 nema II. kafli hennar um lagmetisverksmiðjur sem tekur gildi hinn 1. maí 1981, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. apríl 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Jón L. Arnalds.